

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú stýttist í fyrsta prófdaginn og einungis nokkrir dagar eftir af skólaárinu, skólaferðalag hjá eldri nemendum og vorþema hjá þeim yngri.

Starfið framundan:

Prófavika 12. - 18. maí

Próf verða í skólanum 12. - 18. maí, prófataflan er aftan á fréttabréfinu og einnig á heimsíðu skólans.

Skólaferðalag.

Nemendur 8.-10. bekkjar leggja af stað í skólaferðalag þriðjudaginn 19. maí og er ferðinni heitið á Snæfellsnesið. Fararstjórar í ferðinni verða Emma Sif Björnsdóttir og Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir. Haldinn verður fundur með nemendum þar sem þeir fá nánari upplýsingar um ferðina.

Vorþema.

Meðan eldri krakkarnir eru í skólaferðalagi verða nemendur 1.-7. bekkur í þemavinnu í skólanum. Við viljum benda á að allir þurfa að vera búnir undir útivist og er sérstaklega nauðsynlegt er að vera vel skóaður. Eins og undanfarin ár munu þeir nemendur sem hefja nám í 1. bekk í haust taka þátt í verkefninu með okkur.

Skil á bókum og munum:

Við viljum minna nemendur á að skila inn munum sem þeir hafa unnið í hannyrðum, smíðum og myndmennt ef þeir hafa tekið þá með heim og merkja vel. Þeir sem fara í skólaferðalag eru beðnir að skila áður en farið er í ferðina, aðrir geta skilað meðan á þemadögum stendur. Einnig þarf að skila öllum námsbókum sem skólinn á og öllum bókasafnsbókum.

Kaffisala á skólaslitum.

Nemendafélagið verður með kaffisölu á skólaslitunum. Nemendur 8.-10. bekkjar þurfa að leggja til eitthvað tvennt með kaffinu (hvert heimili). Einnig verður leitað til foreldra 8. og 9. bekkinga með aðstoð í eldhúsi vegna kaffisölnunnar. Allur ágóði rennur í ferðasjóð.

Skólaslit.

Skólaslit verða miðvikudaginn 27. maí kl. 20:00 í Félagsheimilinu Höfðaborg. Að athöfn lokinni verður sýning á vinnu nemenda og kaffisala.

Þetta er væntanlega síðasta síðasta fréttabréf vetrarins. Starfsfólk skólans þakkar öllum nemendum og foreldrum kærlega fyrir góðan vetur og hlakkar til að hitta ykkur aftur í haust.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi